

Heiti áfanga: SPÆN2EE05

Undanfari: SPÆN2DD05

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga dýpka nemendur skilning á menningu viðkomandi tungumálasvæðis. Áfram er unnið með færniþættina fjóra, hlustun, lestur, tal og ritun eftir því sem viðfangsefni gefa tilefni til.

Ætlast er til að nemendur sýni meira sjálfstæði en fyrr í að afla sér upplýsinga og nýta sér hina ýmsu miðla. Unnið er með námsefni af menningarlegum toga. Nemendur lesa bókmenntatexta, texta um sögu, menningu, listir og hefðir spænskumælandi landa. Einnig er fylgst með fréttum spænskumælandi landa, munnleg færni er æfð og horft á spænskumælandi efni.

Námsmat

Nemendur gera ýmiss konar verkefni, skrifleg próf, munnleg verkefni, myndbönd, hlustunarverkefni og skrifleg verkefni, jafn stutt sem lengri og á ýmsu formi.

Áfanginn er símatsáfangi.